

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1985

2. apríl 1985

11

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum
og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað
sé þær þar að finna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Mathías Bjarnason.

2. apríl 1985

LÖG

Nr. 6

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í
héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 3. gr. laganna orðist þannig:

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfógetar eftir ákvörðun
dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti sem jafnframt er forstöðumaður
embættisins.